

## FRIDLÝSINGAR VITA

– Magnús Skúlason



Knarrarósviti, 1939



Garðskagaviti nýrri, 1944



Elliðaeyjarviti, 1951

Á fundi húsafríðunarnefndar þann 4. nóvember 2016 voru samþykktar tillögur að friðlýsingu 11 vita. Tillögurnar byggja að mestu á mati Guðmundar L Hafsteinssonar frá árinu 2003 en árið 2015 bað núverandi húsafríðunarnefnd hann um að endurskoða tillögurnar og leggja fram að nýju. Í þeim var lögð megináhersla á friðlýsingu vita sem ekki eru friðaðir skv. 100 ára aldursreglunni eða byggðir fyrir 1925 og njóta þar með verndar, en það eru vitar byggðir á tímabilinu 1929-1958. Tillögurnar voru áður kynntar stjórn Íslenska vitafélagsins og hlutu einróma lof. Stjórnin samþykkti einnig að leggja til friðlýsingu tveggja vita að auki en þeir eru Akranesviti hinn eldri og Elliðaeyjarviti.

Varðveislumat vitanna var unnið skv. SAVE kerfinu þar sem hæsta einkunn er 1 en lægsta 9. Eftirtaldin gildi voru metin: Notkunargildi, aðgengi, umhverfislegt gildi, aldursgildi, fágætisgildi, fræðslugildi, menningarsaga, upprunaleiki, tækni og byggingarlist. Út frá þessum gildum er svo fengið heildar varðveislugildi.

Vitarnir voru einkum byggðir eftir teikningum verkfræðinganna Thorvald Krabbe, Benedikts Jónssonar og Axels Sveinssonar.

Tillagan er um friðlýsingu eftirfarandi 13 vita:

**Akranesviti eldri**, byggingarár 1918, hæð 10 m. Höfundur Thorvald Krabbe

**Tjörnesviti**, byggingarár 1929, hæð 9.2 m

**Hornbjargsviti**, byggingarár 1930, hæð 6.8 m.

**Raufarhafnarviti**, byggingarár 1931, hæð 6.2 m.

**Sauðanesviti nyrðri**, byggingarár 1933-1934, hæð 10.5 m.

Höfundur þessarra fjögurra vita er Benedikt Jónasson.

**Knarrarósviti**, byggingarár 1938-1939, hæð 26.2 m.

Vitinn er sá fyrsti þar sem notuð er járnþent steinsteypa.

**Kálfshamarsviti**, byggingarár 1940, hæð 16.3 m.

**Kolbeinstangaviti**, byggingarár 1942, hæð 19.5 m.

Vitinn er byggður eftir teikningu Kálfshamarsvita nema hvað hann er u.þ.b. þremur metrum hærra. Þá er hann eini vitinn þessarar gerðar sem haldið hefur upphaflegri áferð veggja þ.e. með kvasi og hrafntinnu.

**Arnarstapaviti**, byggingarár 1941, hæð 3 m.

Vitinn er hinn elsti af svokallaðri brúargerð sem dregur nafn sitt af brú báta.

**Æðeyjarviti**, byggingarár 1944, hæð 12.8 m

Vitinn er einn fjögurra sem byggðir voru eftir sömu teikningu og er af gerð sívala- eða keilulaga turna.

**Garðskagaviti**, byggingarár 1944, hæð 21.3 m.

Vitinn er af gerð sívala- eða keilulaga turna og er hæstur allra vita landsins utan vitans á Sjómannaskólanum.

**Elliðaeyjarviti**, byggingarár 1951, hæð 4.2 m.

Vitinn stendur á Heiðnabergi, hæsta hluta eyjarinnar í ríflega 40 m hæð yfir sjávarmáli og er þrístendur að grunnformi, annar slíkra á landinu.

**Hvalnesviti**, byggingarár 1954, hæð 11.5 m

Vitinn er af brúargerð, elstur þriggja vita sem byggðir eru eftir sömu teikningunni og eiga sér fyrirmynd í Bjargtangavita sem þegar er friðlýstur.

Höfundur ofangreindra átta vita er Axel Sveinsson.

Tillögurnar er nú til umfjöllunar hjá Minjastofnun Íslands og biða þar afgreiðslu.

# Fréttabréf



# Vitafélagið

1. töl 2017

– íslensk strandmenning

### Brennið þið vitar - lýsið hverjum landa

Senn kemur vor og þá er rétti tíminn til að halda aðalfund Vitafélagsins. Með þessu blaði fylgir fundarboð á aðalfundinn okkar ásamt með dagskrá fundarins. Á þeim fundi verður gerð grein fyrir starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári, reikningar lagðir fram og rætt um framtíð félagsins. Þá verður líka kosið í nýja stjórn og viljum við hvetja menn til að gefa kost á sér til starfa fyrir félagið.

Í þessum leiðara er ástæða til að nefna nokkur af þeim verkefnum sem félagið hefur sinnt á þessu starfsári og það ber að hafa í huga að allt starf félagsins er unnið í sjálfböðavinnu.

Fyrst ber að nefna **fræðslufundina** sem haldnir eru einu sinni í mánuði og fjalla um eitthvert efni sem tengist hafi og strönd. Í vetur hefur yfirskriftin verður **Brennið þið vitar** og við höfum fengið marga góða fyrirlesara sem hafa frætt okkur um ýmsar hliðar viðfangsefnisins. Sérfræðingar hafa sagt okkur frá sögu vitans við íslenska strönd, sagt hefur verið frá þjónustu við vitana, bæði á þeim tíma sem vitarnir notuðu gas til ljósgjafar og fram að þeim tíma er ljóstæknin breyttist. Vitaverðir hafa sagt frá lífi sínu og fjallað var um vitann í samfélaginu og mögulega nýtingu hans í nútíma samfélagi. Fundirnir hafa verið ákaflega vel sóttir enda fyrirlestrarnir frábærir og í þetta sinn hafa fundirnir verið haldnir í Ægisgarði þar sem farið hefur vel um okkur.

**Vordagskrá Vitafélagsins** er áætluð á Vopnafirði 20. maí í samvinnu við heimamenn. Á Vopnafirði er nú blómleg fiskvinnsla og margs konar starfsemi sem tengist strandmenningu.

**Norræna strandmenningarhátíðin** 2016 var haldin í Færeyjum og hefur þá hringnum verið lokað og hátíðin verið haldin á öllum Norðurlöndunum. Þátttaka Íslands í öllum hátíðunum hefur verið skipulögð af Vitafélaginu, einkum formanni félagsins, Sigurbjörgu Árnadóttur, sem er í forsvari fyrir Nordisk kustkultur – norrænan samstarfsvettvang um samvinnu á þessu sviði. Á næsta ári 2018 verður hátíðin haldin á Siglufirði og þá í tengslum við afmæli staðarins. Yfirskrift hátíðarinnar verður **Tónlist við haf og strönd** og verður hátíðin tengd Þjóðlagahátíðinni á Siglufirði sem fræg er langt út fyrir landsteinana. Undirbúningur er þegar hafinn og full ástæða til að huga að framlagi okkar Íslendinga til þessarar hátíðar. Öll viðfangsefni sem tengjast hafi og strönd eiga erindi á þessa hátíð. Sama hvort um er að ræða æðarvarp, bátasmið, vinnslu efna úr strandgróðri, nýtingu roðs við gerð tiskuvarnings – allt á erindi á þessa hátíð sem er í raun markaðstorg hugmynda og vettvangur til að skapa samvinnu.

Fyrir hönd stjórnar viljum við þakka öllum fyrirlesurum sem hafa frætt okkur og glatt með frábærum erindum og eins viljum við þakka okkar hollvinum sem hafa stutt við félagið á ýmsa veru. Félagatalið stækkar jafnt og þétt og við vonum að allir okkar féлага sjái sér hag í að vera meðlimir.

Sigrún Klara Hannesdóttir

VINSAMLEGAST MUNIÐ AÐ GREIDA FÉLAGSGJÖLDIN



## HÉR HEFUR MAÐUR ALLT

– viðtal Sigurbjargar Árnadóttur við Marzibil Erlendsdóttur

„Það er friðsældin og kyrrðin sem eru best - sérstaklega á veturna þá er maður einn með náttúrunni“ segir Marzibil Erlendsdóttir, vitavörður og bóndi á Dalatanga. Hún hefur alið allan sinn aldur við vita. Leit að vísu dagsins ljós á Siglufirði, en faðir hennar Erlendur Magnússon var vitavörður á Siglunesi þar sem foreldrar hennar bjuggu og Marzibil ólst upp til 8 ára aldurs. Þá flutti fjölskyldan á Dalatanga þar sem Erlendur tók við starfi vitavarðarins. Hún segir varðskip hafa flutt fjölskylduna með kúr og búslóð á milli landshluta, en geitur og sauðfé hafi verið selt eða því slátrað. Hún segist enn muna hversu stór og ógnvænlegur vitinn á Siglunesi var barninu sem ekki fékk að fara uppí hann, en samt hafi hann verið táknið öryggis.

Erlendur faðir Marzibilar var vitavörður til ársins 1992 og hafði þá gegnt starfi vitavarðarins í nær 25 ár og af honum lærði hún vitavörsluna. Hún var þó tekin við búinu áður, gerði það 1983 og var afleysingamaður vitavarðarins. „Þegar pabbi hætti þá átti að leggja allt niður, en svo varð þó ekki þó starfið breyttist og nú er það ekki svipur hjá því sem áður var“ segir Marzibil. Hún segir að alltaf hafi þurft að passa upp á þökuna og kveikja á hljóðvitunum ef þök lagðist yfir. „Nú kveiki ég bara á honum þegar mér dettur í hug og þá helst fyrir ferðamenn og fyrir fjórum árum var radóvitinn lagður af. Veðurskeyti voru og eru enn send á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn. Hér áður þurfti líka að skipta um vélar, keyra minni vélina á næturnar þar sem hún annaði ekki upphitun á húsinu. Á daginn gekk hins vegar stærri vélin.



Á Dalatanga er eini viti landsins sem byggður var af einkaaðila, stórkaupmanninum Otto Wathne sem lét reisa hann árið 1895. Vitinn var friðaður af menntamálaráðherra 6. júlí 2006. Árið 1908 var annar viti reistur; hljóðvitinn kom 1917 og radióvitinn 1959. Marzibil segir allar þessar merku byggingar liggja undir miklum skemmdum og lítið sem ekkert um þær hugsað. Vitinn hans Otto Wathne haldi hvorki vatni né vindum og t.d. þurfi að skipta um þak á honum og megnið af timburverkinu sé ónýtt. Í rigningum leki regnið inn í ljóshús yngri vitans og veggirnir séu sprungnir. Hún segir að fyrir mörgum séu vitar eins og kirkjur og þeim beri að sýna virðingu og viðhald.

Yfir sumarmánuðina er mikil umferð út á Dalatanga, svo mikil að Marzibil getur vart sleppt hundunum lausum nema árla morguns eða seint um kvöld. Hún segir fólk

þó ekki staldra lengi við. Íslendingar fari varla út úr bil en útlendingar rölti niður í fjöru og taki myndir. Þeir sem hafa áhuga á að skoða vitana er þó velkomið að gera það og hún setur hljóðvitann í gang sé þess óskað. Aðalheiður Elfrið dóttir Marzibilar býr á Dalatanga ásamt móður sinni en mann sinn missti Marzibil fyrir fáeinum árum. Oft dvelja þjóðverjar hjá þeim, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Marzibil segir gott að hafa félagsskapinn og mikið öryggi ef önnur þeirra þurfi að bregða sér af bæ. Hún vill hafa fólk sem komið er yfir 25 ára aldurinn þannig að það sé þokkalega viðræðuhæft og hafi öðlast einhverja lífsreynslu.

Þegar haustar leggst kyrrðin yfir Dalatanga og samgöngur lokast. Á veturnum kemur fyrir að ófært er landleiðina vikum og jafnvel mánuðum saman. Þá er það sjóleiðin til Norðfjarðar sem er bjargvætturinn, það er að segja ef hægt er að leggja báti vð bryggjuna. En samgöngur angra ekki vitavörðinn á Dalatanga. Hún pantar sínar vörur frá Norðfirði og hefur ekki þörf fyrir búðarráp. Unir hag sínum vel og segir vormánuðina sitt upphald. Þegar náttlaus voraldar veröldin umlykur Dalatanga þá þarf maður ekkert meir. Þannig á lífið að vera.



## SÍLDARMINJASAFN ÍSLANDS STENDUR FYRIR NÁMSKEIÐI UM BÁTAVERND OG VIÐGERÐ GAMALLA TRÉBÁTA

– Anita Elefsen

Það er sameiginleg reynsla margra vestrænna ríkja að ævaforn þekking á trébátasmiði hefur nær glatast við tæknibyltingu í skipasmiði á síðustu áratugum og blasir við að gamlir bátasmiðir víða um lönd taka þessa þekkingu með sér í gröfina. Víða um heim hefur það verið mikið kappsmál á síðustu árum að viðhalda og miðla hinni aldagömlu verkþekkingu skipulega með námskeiðum. Það er því mjög þarft að viðhalda verkþekkingunni og vekja áhuga og athygli á þessum þætti menningararfsins, til að bjarga honum frá gleymsku.

Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði stendur fyrir námskeiði um bátavernd og viðgerð gamla trébáta í Gamla Slippnum vikuna 3. – 7. apríl nk. Námskeiðið er ætlað iðnnemum, safnamönnum og öðrum áhugamönnum um bátavernd. Hafliði Aðalsteinnsson, bátasmiður og forsvarsmáður Bata- og hlunnindasýningarinnar að Reykhólum, sér um kennslu en Hafliði hefur áralangra reynslu af nýsmíði trébáta sem og viðgerðum gamla. Sambærilegt námskeið fór fram í apríl á síðasta ári og tókst afar vel til. Viðfangsefnið í ár verða tvíþætt, annars vegar verður haldið áfram viðgerð á byrðingi Gunnhildar ÓF18, 2 brl. afturbyggðum súðbyrðing úr furu og eik frá árinu 1982 og hins vegar verður unnið að viðgerð á Lóu, vestfirskum arabát úr furu frá árinu 1930. Lóa var smíðuð af Sigurði Sigurðssyni beyki í Bolungarvík og þarfnast tölverðrar viðgerðar.

Í upphafi námskeiðs fer fram leiðsögn um það hvernig ástand gamals báts skal metið og í framhaldinu verður unnið að viðgerðum á bæði Gunnihildi og Lóu undir handleiðslu Hafliða. Á síðasta ári var skipt um kjól á Gunnihildi og hafist handa við að endurnýja byrðing og verður haldið áfram þar sem frá var horfið. Lóa er í heldur löku ástandi og þarf að skipta um efstu umförin auk þess að endursmiða þarf þóftur, bönd og borðstokka.

Meðal markmiða Síldarminjasafnsins er að standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa á Íslandi og hefur allt frá árinu 2008 verið unnið markvisst að bátavernd og endurheimt verkþekkingar, bæði með námskeiðum í Gamla Slippnum og samstarfi við Bátaverndarmiðstöð Norður-Noregs í Gratangen. Námskeið safnsins eru skipulögð í samræmi við samning safnsins við mennta- og menningarmálaráðuneytið þar sem kveðið er á um þetta hlutverk: „Safnið skal standa vörð um forna þekkingu á smíði opinna tréskipa og annast námskeið og fræðslu um íslenska bátasmiði í samstarfi við söfn og menntastofnanir.“ Gamli Slippurinn er kjörinn vettvangur til námskeiðshalds, en um er að ræða verkstæði frá árinu 1934, sem komst í eigu Síldarminjasafnsins árið 2011. Í Gamla Slippnum er að finna gömul verkfæri og trésmíðavélar til bátasmiða sem nemendur notast við á meðan námskeiðinu stendur. Sem dæmi má nefna amerískan þykktarhefil og bandsög - 100 ára gömul tæki sem eru enn í notkun. Í Slippnum hefur jafnframt verið sett upp sýning um sögu bátasmiða á Siglufirði í 200 ár og nýttist hún sem kennsluefni að vissu marki. Það má því segja að á námskeiðinu skapist ákveðið samspil milli kennara, viðfangsefnis og staðsetningar með það að meginmarkmiði að vinna að endurheimt gamallar verkþekkingar.



Gunnhildur ÓF18, 2 brl. afturbyggður súðbyrðingur úr furu og eik frá árinu 1982. Á síðasta ári var skipt um kjól og byrjað að skipta um byrðing. Áfram verður unnið að viðgerð Gunnhildar á námskeiðinu í þar.



Soffía endursmiðuð í Slippnum 2009. Á myndinni má sjá Skúla Thoroddsen og Björn Lillevoll frá Noregi.



Frá námskeiði safnsins 2016, myndin er tekin í Gamla Slippnum og sýnir þá félag, Heimi, Jóhann, Hafliða, Jón og Hjálta en einn þátttakenda, Ragnar, vantar á myndina.